

Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Bjarni Þór Óskarsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Bjarni tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmaðan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru 49.545 skráðir sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 156.057.262.158. Á fundinn var mætt af hálfu 40 sjóðfélaga og farið með 1.090.738.201 atkvæða eða 0,70% heildaratkvæða.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir skýrsla stjórnar og kynning ársreiknings yrðu kynntir fyrst og að því loknu yrði boðið upp á umræðu um liðina. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Ásgeir Thoroddsen flutti skýrslu stjórnar og fer hún hér á eftir:

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundarmenn,

Árið 2014 var 36. starfsár Frjálsa lífeyrissjóðsins. Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá Frjálsa í lok árs 2014 var um 146 milljarðar. Sjóðurinn hefur stækkað mikið á undanförnum árum og hlutfallslega meira en aðrir lífeyrissjóðir landsins. Það gefur til kynna góða ávöxtun og að sjóðfélagar hafa traust á sjóðnum, því ekki er skylduaðild að honum.

Sjóðurinn skiptist í fjórar fjárfestingarleiðir í séreignadeild, og síðan er ein tryggingadeild sem greiðir ævilangan ellilífeyri, örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri. Á árinu 2014 var hæst nafnávöxtun í Frjálsa 1 eða 6,8%. Frjálsi 2 skilaði 4% ávöxtun. Frjálsi 3 skilaði 1,7% ávöxtun og ávöxtun Frjálsa Áhættu var 4,2%. Ávöxtun tryggingadeilda, sem gerir skuldabréf upp á kaupkröfu, var 5,6% árið 2014. Ávöxtun fyrsta ársfjórðung þessa árs hefur verið með því besta sem hefur þekkst hjá sjóðnum og er 12 mánaða ávöxtun m.v. 31. mars síðastliðin á bilinu 6-15,5%. Þótt ávöxtun fjárfestingarleiða hafi verið misjöfn eftir fjárfestingarleiðum á árinu 2014 þá eiga þær það sammerkt að hafa skilað góðri langtímaávöxtun. Í lífeyrissparnaði greiða sjóðfélagar iðgjöld yfir alla starfsævina og því rétt að horfa til langtímaávöxtunar við matá



árangri við ávoxtun lífeyrissjóða. Þannig ræður langtímaávoxtun miklu um fjárhæð lífeyris sjóðfélaga. Síðastliðin 10 ár hefur ávoxtunin verið 8,9-9,7% þrátt fyrir að á þessu tímabili hafi þjóðin gengið í gegnum efnahagshrun. Við í stjórn sjóðsins og starfsfólk, sem vinnur við rekstur og eignastýringu sjóðsins, getum því ekki verið annað en ánægð með hvernig til hefur tekist. Marinó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka, mun á eftir gera grein fyrir fjárfestingarstefnu, fjárfestingum og ávoxtun sjóðsins árið 2014 og það sem af er 2015 en Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri sjóðsins mun kynna ársreikning sjóðsins.

Við lítum svo á að eignasafn sjóðsins sé traust til lengri tíma með ríkisskuldabréf sem ákveðinn kjarna en lífeyrissjóðurinn er með töluvert hærra hlutfall eigna sinna í verðtryggðum ríkisskuldabréfum en lífeyrissjóðir að meðaltali. Á undanförnum árum hefur sjóðurinn lagt áherslu á að byggja upp traust eignasafn með það að markmiði að ná góðri ávoxtun en með tilliti til áhættu. Á árinu 2014 kom Frjálsi t.d. að endurfjármögnum fasteignafélags og tók þátt í fjármögnum á uppbryggingu gagnavers. Þrátt fyrir fjármagnshöft er ekki skortur á fjárfestingarkostum og sjóðurinn er orðinn það stór að aðilar á markaði sem þurfa fjármögnum sem telur milljarða króna leita yfirleitt til sjóðsins. Sjóðurinn býr við þá eftirsóknarverðu stöðu að geta valið úr fjölmögum fjárfestingarkostum sem eru kynntir sjóðnum. En ein helsta áskorun sjóðsins er eignastýring sjóðsins í fjármagnshöftum. Það er nauðsynlegt fyrir lífeyrissjóði að fá að fjárfesta erlendis, fyrst og fremst til að ná betri áhættudreifingu á eignum. Miðað við fréttir af losun fjármagnshafta eru bundnar vonir við að á árinu verði tekin fyrstu skref í að leyfa erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða á ný, aðrar en endurfjárfestingar. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn eftir efnahagshrunið sem gerði opinberar upplýsingar um einstaka eignir sjóðsins og vægi þeirra af heildareignum. Upplýsingarnar eru uppfærðar ársfjórðungslega á vefsíðu sjóðsins með því markmiði að stuðla að meira gagnsæi og auðvelda sjóðfélögum að meta eignir og áhættu hverrar fjárfestingarleiðar.

Við höfum upplifað almenna ánægju og traust sjóðfélaga til sjóðsins. Árlega gerir Capacent Gallup könnun á viðhorfi sjóðfélaga til lífeyrissjóða sem þeir greiða í. Spurt hefur verið m.a. um viðhorf til þjónustu, upplýsingargjafar, ávoxtunar og traust á stjórn og stjórnendum. Það er skemmt frá því að segja að niðurstaða könnunarinnar hefur komið mjög vel út fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn á undanförnum árum. Frjálsi hefur fengið framúrskarandi niðurstöður í öllum lykilþáttum könnunarinnar. Það er okkur mikilvægt að upplifa þetta jákvæða viðhorf og traust til sjóðsins sérstaklega í ljósi þess að sjóðfélagar velja að greiða í sjóðinn en ber ekki skylda til þess eins og tíðkast svo almennt hér á landi. Ef illa er staðið að rekstri sjóðsins geta sjóðfélagar valið að hætta að greiða til sjóðsins og greiða í staðinn til annarra lífeyrissjóða. Í lok árs höfðu

tæplega 50 þúsund sjóðfélagar valið að greiða í sjóðinn. En þrátt fyrir að vel hafi tekist til við rekstur sjóðsins á undanförnum árum þýðir ekki að slaka á. Velgengi heldur ekki áfram af sjálfa sér. Stjórn og starfsfólk halda áfram að leita að hagstæðum fjárfestingartækifærum, bæta rekstur og þjónustu til sjóðfélaga og launagreiðenda. Við viljum ávallt gera betur í dag en í gær. Sem dæmi má nefna að innan skamms mun sjóðurinn kynna nýja þjónustu við launagreiðendur og sjóðfélaga sem eru sjálfstætt starfandi. Það er gert með opnun launagreiðandavefs sem m.a. býður upp á viðbótarmöguleika við að senda skilagreinar með rafrænum hætti og hafa betri yfirsýn yfir iðgjaldagreiðslur og skilagreinar.

Á árinu tók stjórn sjóðsins ákvörðun um að rýmka verulega lánareglur sjóðsins sem gera lánin eftirsóknarverðari valkost fyrir sjóðfélaga. Hámarkslánfjárhæð var hækkuð í 40 milljónir en áfram er ekki lánað gegn hærra veðhlutfalli en 65% af markaðsverðmæti íbúðarhúsnæðis. Jafnframt var boðið upp á jafnar afborganir til viðbótar við jafngreiðslur fyrir sjóðfélaga sem vilja greiða lán sín hraðar niður.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur á undanförnum árum fengið fjölmargar viðurkenningar í verðlaunasamkeppni fagtímaritsins Investment Pension Europe en síðasta ár var besta ár sjóðsins hvað þetta varðar. Það er ekki hægt annað en að stæra okkur aðeins af þessu:

- Í fyrsta lagi var sjóðurinn valinn, í fyrsta sinn, besti lífeyrissjóður í sínum stærðarflokki en þá er miðað við lífeyrissjóði allt að 1 milljón Evra að stærð. Þetta eru á meðal stærstu verðlauna sem sjóðurinn hefur fengið því þar atti hann kappi við fjölmarga lífeyrissjóði um alla Evrópu.
- Í öðru lagi var sjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður smáþjóða annað árið í röð en þar er miðað við þjóðir Evrópu með færri en 1 milljón íbúa.
- Í þriðja lagi var sjóðurinn valinn besti fagfjárfestir í fasteignafjárfestingum á meðal 40 þjóða Evrópu af systurtímariti Investment Pension Europe, kallað IPE, Real Estate.
- Og loks í fjórða lagi var sjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af fagtímaritinu Acquisitions International. Þetta kom fram í sérstakri útgáfu tímaritsins um verðlaunin sem eru veitt á hverju ári þeim sem þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði sl. 12 mánuði.

Þessar viðurkenningar eru skemmtileg hvatning fyrir starfsfólk sjóðsins og gerir okkur stjórnarmenn að sjálfsögðu mjög hreykna.



Í janúar 2014 varð breyting á lögum um almannatryggingar sem höfðu áhrif á umsóknir um lífeyri hjá lífeyrissjóðum. Ákvæðið fóli í sér að sjóðfélagar þurfa að sækja um lífeyri fyrst hjá lífeyrissjóðum áður en þeir sækja um lífeyri hjá Tryggingastofnun. Þetta þýðir að ef sjóðfélagi í Frjálsa velur að sækja um lífeyri frá Tryggingastofnun 67 ára þá verður hann að sækja um lífeyri úr Frjálsa frá sama tíma. Þetta gildir einnig um samtryggingarleiðir sjóðsins þar sem viðmiðunaraldur er 70 ára en í þeim tilvikum verður sjóðfélagi að flýta töku lífeyris sem þýðir að lífeyrisgreiðslur lækka m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga við 70 ára aldur. Rökin fyrir breytingunum eru að ekki er talið réttmætt að sjóðfélagar geti fengið hærri greiðslur frá Tryggingastofnun eingöngu með því að fresta því að sækja um áunnin lífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðum. Kjósi sjóðfélagar aftur á móti að seinka töku lífeyris þarf það vera gagnvart báðum megin stoðum lífeyriskerfisins á sama tíma. Lagabreytingin hefur ekki áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar.

Lagabreytingin leiddi einnig til þess að örorkuumsóknum úr tryggingadeild fjölgæði og örorkulífeyrir hækkaði. Tengt þessum málaflokki gerði sjóðurinn samning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð um að hafa milligöngu um framkvæmd örorkumata fyrir sjóðinn. Starfsmenn á vegum VIRK munu einnig í samstarfi við trúnaðarlækna meta hvort ávinningur af starfsendurhæfingu sé mögulegur hjá umsækjendum um örorkulífeyri. Vonast sjóðurinn eftir því að með þessu samstarfi muni fleiri örorkulífeyrisþegar nýta sér starfsendurhæfingu og komast aftur inn á vinnumarkaðinn.

Við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu tryggingadeilda sjóðsins um síðustu áramót voru eignir umfram áunnar skuldbindingar 2,1% og eignir umfram heildarskuldbindingar, sem endurspeglar tryggingafræðilega stöðu, voru 1,7%. Tryggingafræðilega staðan batnaði um 1,5 prósentustig á milli ára.

Ein helsta áskorun sjóðsins er nú er sú jákvæða staðreynd að meðalævilengd þjóðarinnar fer hækkandi. Lenging á meðalævi þýðir að lífeyrir er greiddur lengur til hvers sjóðfélaga að meðaltali. Við þessu þarf sjóðurinn að bregðast, annars gengur á eignir sjóðsins á kostnað greiðandi sjóðfélaga. Til að bregðast við kemur aðallega þrennt til greina: Í fyrsta lagi að skerða réttindi sjóðfélaga, í öðru lagi að hækka iðgjöld og í þriðja lagi að hækka lífeyristökualdur.

Hjá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga sem gefa út lífslíkutöflur fyrir lífeyrissjóði fyrir mat á lífeyrisskuldbindingum hefur verið í umræðunni að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur í fortíðinni eins og hefur verið. Ef það yrði gert þyrfti ekki á nokkurra ára fresti samfara hækkun meðalævi að breyta forsendum um lífslíkur eins og hefur verið gert áður. Verði þessi breyting að veruleika má búast við því að skuldbindingar lífeyrissjóða hækki um 10-15%. Sem mótvægi við hækkun

skuldbindinga hafa verið hugmyndir uppi um að hækka ellilífeyristökualdur um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og endurmeta stöðuna þá. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævilengd hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn ákvað á sínum tíma sem einn fárra lífeyrissjóða að bjóða upp á að skylduiðgjaldi yrði ráðstafað að hluta til frjálsrar séreignar sem er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Þær breytingar sem líklegt er að þurfi að grípa til munu ekki hafa áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar. Gert er ráð fyrir að tillögur um breytt fyrirkomulag liggi fyrir í byrjun næsta árs og verði þá kynntar sjóðfélögum.

Rétt er að vekja athygli á því að sjóðurinn keypti lénið frjalsi.is en Frjálsi fjárfestingarbankinn hafði áður notað lénið. Nýtt lén sjóðsins er því frjalsi.is en hið eldra frjalsilif.is virkar þó enn til að komast á vefsíðu sjóðsins.

Ágætu sjóðfélagar.


Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins er skipuð sjö mönnum. Meirihlutinn, fjórir eru kosnir á ársfundir sjóðsins en þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins, Arion banka. Á fundinum nú rennur út kjörtímabil tveggja kosinna stjórnarmanna, Ásdísar Evu Hannesdóttur og Magnúsar Pálma Skúlasonar. Þau buðu sig aftur fram og fleiri eru ekki í framboði og eru þau því sjálfkjörin til næstu tveggja ára. Sama gildir um varastjórnarmennina Selmu Svavarsdóttur og Tryggva Þór Herbertsson en engin mótframboð bárust og eru þau því sjálfkjörin til eins árs.

Eitt af verkefnum ársfundar er að ákvarða laun stjórnarmanna. Síðast voru stjórnarlaun hækkuð fyrir þremur árum og hafa þau verið óbreytt síðan. Síðastliðin þrjú eða ár hefur launavísitalan hækkað um rúmlega 16%. Tillaga stjórnar til ársfundar nú er að stjórnarlaunin hækki um tæplega helming hækkanar vísitölunnar eða 7,7%, úr 97.500 kr. á mánuði í 105.000 kr. og að stjórnarformaður fái tvöföld þau laun eins og verið hefur. Laun varamanna breytist til samræmis.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnarmönnum mínum mjög ánægjulegt samstarf. Það er góður andi í stjórninni. Okkur finnst sjóðurinn vera á góðri, og miðað við aðstæður, nokkuð tryggri siglingu.

Ég vil enn þakka því starfsfólk sem að rekstri sjóðsins kemur og á heiðurinn af velgengni hans. Alveg sérstaklega þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni, fyrir ósérhlífni í störfum og jákvæðu viðhorfi. Félagi hans Marínó Örn Tryggvason á hér líka frábæran hlut að. Óhætt er að segja að stjórnin beri mikið traust til þeirra beggja og reyndar til allra þeirra starfsmanna sem að rekstri Frjálsa koma.

Takk



## 2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdarstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Í máli Arnaldar kom m.a. fram að iðgjöld ársins hefðu numið 9,9 milljörðum sem væri 12% hækkan á milli ára. Skýringin væri fyrst og fremst fleiri greiðandi sjóðfélagar, en að meðaltali greiddu 14.936 sjóðfélagar í sjóðinn á árinu. Lífeyrisgreiðslur voru um 3,2 milljarðar, sem lækkaði um 28% á milli ára. Fjárfestingartekjur sjóðsins voru 8 milljarðar, lækkuðu á milli ára. Umsýslubóknun var 417 milljónir sem var 0,3% af meðalstöðu sjóðsins og lækkaði hlutfallið á milli ára, vörslubóknun var 32 milljónir og annar kostnaður 56 milljónir sem færist undir rekstrarkostnað.

Hrein eign í árslok var 146 milljarðar. Þá fór Arnaldur yfir þróun á stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins, helstu atriði efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Hann benti á að sjóðfélagalánin jukust um 27%, og að ný lán til sjóðfélaga jukust um 35% úr 601 milljónum í 814 milljónir.

Hann sagði að þróun á stærð sjóðsins undanfarin ár hefði verið í þá átt að samfelldur vöxtur hefði verið og skýrðist vöxturinn af iðgjöldum, ávöxtun, flutningum séreignar til sjóðsins og svo að lokum sameiningum við aðra lífeyrissjóði.

Arnaldur sagði frá fjölgun sjóðfélaga. Fjöldi sjóðfélaga sem ættu inneign eða réttindi í árslok voru 49.536 og fjöldaði um 1.553 á milli ára. Á undanförnum 4 árum hafði sjóðfélögum fjölgáð um 10 þúsund eða 22%. Langflestir sjóðfélagar eiga inneign í Frjálsa 1 eða um 39.947 og svipaður fjöldi á réttindi í tryggingadeild sjóðsins. Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til sjóðsins í hverjum mánuði var um 15 þúsund.

**Marinó Örn Tryggvason** forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir þróun verðbréfamarkaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins. Marinó fór yfir markaðsaðstæður og í máli hans kom fram að ágætis ávöxtun hefði verið á öllum eignaflokkum sem sjóðurinn hefði fjárfest í. Hann sagði þó að árið í fyrra hafi verið svona rétt meðal ár, hafi sjóðnum gengið ágætlega. En árið í ár fari mjög vel af stað.

**Nafnávöxtun ársins 2014** var 6,8% hjá Frjálsa 1 (raunávöxtun 5,7%), 4,0% hjá Frjálsa 2 (raunávöxtun 2,9%), 1,7% hjá Frjálsa 3 (raunávöxtun 0,6%), 4,2% hjá Frjálsa Áhættu (raunávöxtun 3,1%) og 5,6% hjá Tryggingadeild sjóðsins (raunávöxtun 4,5%). Þess bæri að geta



að lífeyrissjóðir gerðu almennt upp með svokallaðri kaupkröfuaðferð, og skuldabréf í Tryggingadeild væru gerð upp á kaupkröfu en á markaðskröfu í séreignardeild.

**Meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2014** var 4,7% hjá Frjálsa 1, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2014 var 4,7% hjá Frjálsa 2, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2014 var 4,2% hjá Frjálsa 3, meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2014 var hjá Frjálsi áhættu 2,1% og meðalraunávöxtun á tímabilinu 2002-2013 var 2,7% hjá Tryggingadeild sjóðsins.

Þá fór Marinó yfir eignasamsetningu hverrar leiðar fyrir sig, sundurbrot ávöxtunar eftir eignaflokkum og samanburð á ávöxtun leiðanna.

### Umraeður

Eftir kynningu Arnaldar og Marinós var opnað fyrir umræður um fyrstu two dagskráriðina.

Sigurður Ingimarsson, velti fyrir sér ávöxtun 2011 á Frjálsa 3, hvers vegna var hún svona há samanborið við árið í ár? Marinó sagði að á árinu 2011 lækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa en í ár hefði ávöxtunarkrafa almennt hækkað. Það gerði það að verkum að skuldabréf hækkuðu mun meira í verði 2011 en í fyrra. Þar sem verðtryggð skuldabréf væri stærsti eignaflokkur Frjálsa 3 skýrði þetta muninn.

### 3.Tryggingafræðileg athugun

Ólafur Örn Jónsson kynnti niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2014. Í máli hans kom fram að áunnin staða væri 2,1%, framtíðarstaða væri 1,5%, og heildarstaða væri 1,7%. Áfallin staða batnaði um 1,3% á milli ára. Framtíðarstaða batnaði um 1,6% á milli ára og heildarstaða sjóðsins batnaði um 1,5% á milli ára.

Niðurstöðuna sagði Ólafur vera að eignir umfram skuldbindingar voru um 1,7%, sem kallar því ekki á sérstök viðbrögð. En hann benti á að líklega yrði í næstu tryggingafræðilegu athugun notaðar aðrar forsendur um lífslíkur. Í stað þess að notast við reynslu tiltekins tímabils í fortíðinni (næst 2010-2014) yrði líklega notast við spá um aukningu lífslíkna. Þetta gæti þýtt að skuldbindingar sjóðsins gætu hækkað um 10% - 15%. Viðfangsefni stjórna lífeyrissjóða yrði því að bregðast við þeim breytingum. Jafnvel yrði því mætt með hækkun á lífeyristökualdri.

Þá var boðið upp á fyrirspurnir en engar fyrirspurnir komu fram.



### **3.Fjárfestingarstefna sjóðsins**

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2014. Marinó sagði að fjárfestingarstefnan væri ákveðin af stjórn sjóðsins ár hvert. Hann sagði mikinn tíma stjórnar fara í árlega endurskoðun.


Marinó fór yfir breytingar á fjárfestingarstefnum fyrir árið 2015, fyrir hverjar deild fyrir sig.

**Frjálsi áhætta breyting:** Vægi í floknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 0% í 5%. Vægi í floknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 46% í 36%. Vægi í floknum *Hlutabréf* aukið úr 35% í 45%. Vikmörk aukin, úr 0-60% í 0-70%. Vægi í floknum *Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* minnkað úr 10% í 5%.

**Frjálsi 1 breyting:** Vægi í floknum Innlán í bönkum og sparisjóðum aukið úr 0% í 5%. Vikmörk aukin, úr 0-15% í 0-20%. Vægi í floknum Ríkisvíxlar, ríkisskuldbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 50% í 40%. Vægi í floknum Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga minnkað úr 4% í 2%. Vægi í floknum Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana minnkað úr 4% í 1%. Vægi í floknum Hlutabréf aukið úr 30% í 40%. Vikmörk aukin, úr 0-55% í 0-60%.

**Frjálsi 2 breyting:** Vægi í floknum Innlán í bönkum og sparisjóðum aukið úr 0% í 5%. Vikmörk aukin, úr 0-15% í 0-20%. Vægi í floknum Ríkisvíxlar, ríkisskuldbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 70% í 60%. Vikmörk aukin, úr 50-100% í 40-100%. Vægi í floknum Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga minnkað úr 5% í 3%. Vægi í floknum Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana minnkað úr 5% í 2%. Vægi í floknum Hlutabréf aukið úr 11% í 15%. Vægi í floknum Hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu aukið úr 4% í 5%. Vægi í floknum Önnur verðbréf aukið úr 5% í 10%.

**Frjálsi 3,** Vægi í floknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 15% í 20%. Vikmörk aukin, úr 0-30% í 0-35% Vægi í floknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 70% í 65%.



**Frjálsi Tryggingadeild** Vægi í floknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 0% í 5%. Vikmörk aukin, úr 0-15% í 0-20%. Vægi í floknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 68% í 60%. Vægi í floknum *Fasteignaveðtryggð skuldabréf* aukið úr 2% í 3%.

Marinó sagði að um væri að ræða tiltölulega litlar breytingar á milli ára.

Þá var boðið upp á fyrirspurnir en engar fyrirspurnir komu fram.

## 5. Kosning stjórnar og varamanna

Bjarni sagði frá því að stjórnarmenn Frjálsa Isj. Ásdís Eva Hannesdóttur og Magnús Pálmi Skúlason biðu sig aftur fram í aðalstjórn, en ekki voru fleiri í framboði, þau væru því sjálfkjörin til næstu tveggja ára. Það sama gilti um varastjórnarmennina Selmu Svavarsdóttur og Tryggva Þór Herbertsson, sem væru sjálfkjörin til eins árs þar sem engin mótframboð bárust.

## 6. Kjör endurskoðanda

Deloitte hf. var sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins.

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

**Arnaldur** gerði grein fyrir breytingatillögum á samþykktum sjóðsins. Hann fór yfir hverja breytingu fyrir sig og rökstuðning með hverri breytingu.

- 10.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka skv. Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni en frá 67 ára aldri skv. Tryggingaleiðinni. Hafi sjóðfélagi valið Erfanlegu leiðina sbr. grein 8.2. hefjast greiðslur úr tryggingadeild þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur, sbr. þó grein 11.13. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi og aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds sbr. meðfylgjandi töflu T1.

Arnaldur sagði um þessa breytingu að í gr. 16.2 væri kveðið á um það að lífeyri greiðist í síðasta sinn fyrir þann mánuð sem réttur til lífeyris fellur úr gildi. Með viðbótartillöggunni er skilgreint í samþykktum að réttur til ellilífeyris falli úr gildi við andlát.



- 10.4. Við töku ellilífeiris fyrir 67 ára aldur í Tryggingaleiðinni og fyrir 70 ára aldur í Frjálsu leiðinni ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeirisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeiris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeiris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeiris skal endurúrskurða honum ellilífeiri hafi hann orðið fyrir orkutapi sem nemur 50% eða meira.

Arnaldur sagði um þessa breytingu að með tillögunni væri kveðið á um að sjóðfélagi sem flýtir töku ellilífeiris úr samtryggingarsjóði eigi ekki rétt á örorkulífeiri en í tryggingafræðilegum forsendum sjóðsins væri ekki gert ráð fyrir að sjóðfélagi fái greitt út hvort tveggja á sama tíma.

- 11.3. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeirisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeirisrétt. Við framrekning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeirir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeiris-greiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

Arnaldur sagði að með breytingartillöggunni væri sjóðnum heimilit við ákveðnar aðstæður að nota önnur viðmiðunarár við framrekning á örorkulífeiri en síðustu 3 ár fyrir orkutap, til hagsbóta fyrir örorkulífeirisþega.

- 11.4. Örorkulífeirir er greiddur ef trúnaðarlæknir eða metur orkutap að minnsta kosti 50%. Réttur til örorkulífeiris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.
- 

Arnaldur sagði að ekki væri lengur notast við örorkumat tryggingayfirlæknis.

- 11.5. Örorkumatið skal vera læknisfræðilegt og fyrstu tvö árin miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann gegndi er hann varð öryrki og hefur menntun eða reynslu til að gegna. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.

Arnaldur sagði að með breytingartillöggunni væri bætt við ákvæði þess efnis að við endurmat á orkutapi sé orkutapið metið á ný með tilliti til nýrra upplýsinga um heilsufar og störf, og árangurs af endurhæfingu.

- 11.6 Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Mat á orkutapi skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf greiðslur á lágmarksíðgjaldi til sjóðsins.

Arnaldur sagði breytingartillöguna skýra að örorkulífeyrir sé ekki greiddur vegna orkutaps sem á sér stað áður en sjóðfélagi hefur greiðslur á lágmarksíðgjaldi til sjóðsins.

- 11.8. Aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, metið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélagsans síðustu þrjú almanaksára fyrir orkutapið verðbætt til úrskurðardags. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagsans óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu. Að sama skapi er stjórn sjóðsins heimilt að líta fram hjá einstökum greiðslum á viðmiðunartímabilinu sem eru ekki hluti af almennum launagreiðslum.



Með því er til að mynda vísað til eingreiðslna vegna starfslokasamninga eða annarra greiðslna sem víkja verulega frá fjárhæð þeirra greiðslna sem eru grundvöllur iðgjaldsgreiðslna til sjóðsins á viðmiðunartímabilinu. Í slíkum tilfellum skal heimilt að líta til allt að fimm ára fyrir orkutapið.

Arnaldur sagði breytingartillöguna fela í sér að sjóðnum væri heimilt við mat á tekjumissi örorkulífeyrisþega að horfa á önnur viðmiðunarár en sl. 3 ár fyrir orkutap við ákveðnar aðstæður til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega, í samræmi við gr. 11.3. Jafnframt væri lagt til að sjóðnum væri heimilt að líta fram hjá óeðlilega háum launagreiðslum þegar metið væri hvort sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu við orkutap.

- 11.9 Heimilt er að fengnu álti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, skal leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð endurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.

Arnaldur sagði að með breytingartillögunni væri sett fram í samþykktunum hverjir hafa heimild til að meta raunhæfi starfsendurhæfingar og að endurmat á orkutapi fari fram að lokinni endurhæfingu.

11.10. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Þá er örorkulífeyrisbegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur. Arnaldur sagði að með breytingartillögunni var sett fram sú skylda sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyrir að gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins og að umsókn skuli vísa frá sinni sjóðfélagi ekki upplýsingarskyldu til sjóðsins. Jafnframt var gerð



krafa um að örorkulífeyrisþegar upplýsi um ákveðnar breytingar á högum sínum sem kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris.

- 11.12 Örorkulífeyrir fellur niður við töku ellilífeyris úr tryggingadeild, eða við almennan ellilífeyrisaldur í þeirri samtryggingarleið sem sjóðfélagi greiddi síðast til, eða þegar örorka er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissi sbr. gr. 11.4. og 11.8.

Arnaldur sagði að breytingartillagan fæli í sér samantekt á því í hvaða tilvikum örorkulífeyrir fellur niður.

- 13.1. Andist sjóðfélagi sem hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingaverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, hefur öðlast rétt til framreiknings eða notið elli- og örorkulífeyris við andlát skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn hefji töku ellilífeyris úr tryggingadeild.

Arnaldur sagði að með breytingartillöggunni væri sett fram núverandi framkvæmd á greiðslu barnalífeyris.

- 16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Berist umsókn um ellilífeyrir eftir að hámarksaldri er náð, sbr. gr. 10.2., er heimilt að greiða ellilífeyrir aftur í tímann til hámarksaldurs. Aldrei skal sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til ellilífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, óski hann þess. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en



500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Arnaldur sagði að með breytingartillöggunni væri samþykktum breytt í samræmi við túlkun Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins sem fæli í sér að eingreiðslur ellilífeyris aftur í tímann væru ekki leyfðar nema í þeim tilvikum sem sjóðfélagi hefur náð þeim hámarksaldri sem leyft var að fresta töku lífeyris til, sem er 72 ára í Tryggingaleiðinni og 75 ára í Frjálsu leiðinni. Jafnframt væri í gildi grunnvísitölu á vísitölu neysluverðs breytt til samræmis við grunnvísitölu í *Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða* sem notað er til útreiknings á eingreiðslu lágra réttinda.

Þá var komið að Viðauka samþykktanna:

### Viðauki

1. a.

**Ákvörðun stjórnar um lækkun réttinda og lífeyris sjóðfélaga skv. gr. 6.5 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins kynnt á ársfundi sjóðsins 13. apríl 2011 sbr. gr. 6.6**

Lífeyrisréttindi áunnin 2010 og fyrr og lífeyrir sem byggist á réttindum sem aflað var 2010 og fyrr verða lækkuð um 0,75% mánaðarlega næstu 12 mánuði eftir að gildistaka ákvörðunar hefur hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins eða þar til jafnvægi næst á milli eigna og áfallinna skuldbindinga sjóðsins verði það fyrr.

1. b.

### Breyting réttinda í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3

Frjálsi lífeyrissjóðurinn bauð frá árinu 1999 til 2001 upp á fjórar samtryggingarleiðir. Tvær þeirra, Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3, voru svo lagðar niður 1. janúar 2002 með breytingu samþykktu. Uppbygging leiðanna var með þeim hætti að Tryggingadeild 2 greiddi lífeyri úr samtryggingu frá 75 ára aldri og Tryggingadeild 3 frá 80 ára aldri, en frá 70 ára aldri fram til greiðslu lífeyris úr samtryggingu var greiddur lífeyrir úr bundinni séreign.

Arnaldur sagði að með breytingu þessari yrðu réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni.

Með breytingu þessari eru réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni. Sjóðfélögum stendur

SKV

til boða að velja í hvora leiðina réttindum þeirra er ráðstafað. Sé ekkert valið er réttindum ráðstafað í þá leið sem sjóðfélagi greiddi í eftir 1. janúar 2002. Hafi sjóðfélagi ekki greitt til sjóðsins eftir 1. janúar 2002 er réttindum hans ráðstafað inn í Frjálsu leiðina. Réttindum er ráðstafað í síðasta lagi 1. september 2015. Með breytingu þessari eru réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni.

#### **Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Frjálsu leiðina**

Réttindi í bundinni séreign færast til frjálsrar séreignar. Samtryggingarréttindi breytast í samtryggingarréttindi í Frjálsu leiðinni með stuðlum úr töflu A.

#### **Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Erfanlegu leiðina**

Samtryggingarréttindi verða óbreytt frá þeim rétti sem myndaðist með greiðslum í Tryggingadeild 2 og 3, en lífeyristökualdur er hækkaður í samræmi við Erfanlegu leiðina. Greitt er í bundna séreign sjóðfélaga úr tryggingadeildinni samkvæmt áunnum rétti hans í viðkomandi leið og stuðlum í töflu B.

#### **Tafla A**

#### **Flutningur réttinda í Frjálsu leiðina**

Réttindi í samtryggingu skulu margfölduð með stuðlunum í töflunni.

Aldur	Tryggingadeild 2	Tryggingadeild 3
16	0,728811	0,530738
17	0,728418	0,530059
18	0,727883	0,529134
19	0,727194	0,527943
20	0,726362	0,526505
21	0,725398	0,524838
22	0,724310	0,522957
23	0,723106	0,520873
24	0,721790	0,518597
25	0,720368	0,516137



26	0,718845	0,513504
27	0,717228	0,510706
28	0,715523	0,507756
29	0,713737	0,504668
30	0,711878	0,501452
31	0,709950	0,498117
32	0,707959	0,494673
33	0,705913	0,491133
34	0,703818	0,487510
35	0,701682	0,483814
36	0,699507	0,480053
37	0,697299	0,476233
38	0,695062	0,472364
39	0,692801	0,468453
40	0,690519	0,464505
41	0,688217	0,460524
42	0,685897	0,456511
43	0,683560	0,452468
44	0,681205	0,448395
45	0,678832	0,444290
46	0,676438	0,440149
47	0,674021	0,435970
48	0,671579	0,431746
49	0,669109	0,427474
50	0,666607	0,423146
51	0,664070	0,418759
52	0,661495	0,414306
53	0,658881	0,409786
54	0,656228	0,405199
55	0,653538	0,400548

56	0,650815	0,395840
57	0,648066	0,391088
58	0,645303	0,386310
59	0,642539	0,381533
60	0,639794	0,376789
61	0,637094	0,372124
62	0,634468	0,367587
63	0,631951	0,363240
64	0,629582	0,359148
65	0,627399	0,355381
66	0,625448	0,352015
67	0,623765	0,349116
68	0,622406	0,346777
69	0,621417	0,345080
70	0,620840	0,344097

### Tafla B

#### Flutningur réttinda í Erfanlegu leiðina

Flytja skal fjárhæð sem svarar til margfeldis árlegra réttinda úr samtryggingu og viðeigandi stuðuls úr töflunni í bundna séreign. Réttindi úr Erfanlegu leiðinni verða hin sömu og var í Tryggingadeildum 2 og 3 fyrir breytingu.

Aldur	Tryggingadeild 2	Tryggingadeild 3
16	0,708447	0,280046
17	0,733554	0,289970
18	0,759556	0,300246
19	0,786482	0,310889
20	0,814369	0,321910
21	0,843249	0,333325
22	0,873160	0,345146

23	0,904139	0,357390
24	0,936225	0,370071
25	0,969460	0,383207
26	1,003886	0,396812
27	1,039547	0,410906
28	1,076489	0,425506
29	1,114761	0,440632
30	1,154413	0,456303
31	1,195498	0,472541
32	1,238072	0,489366
33	1,282191	0,506802
34	1,327918	0,524873
35	1,375315	0,543605
36	1,424451	0,563023
37	1,475396	0,583156
38	1,528225	0,604034
39	1,583017	0,625687
40	1,639857	0,648149
41	1,698834	0,671456
42	1,760044	0,695644
43	1,823589	0,720755
44	1,889577	0,746832
45	1,958128	0,773920
46	2,029367	0,802070
47	2,103431	0,831336
48	2,180470	0,861778
49	2,260647	0,893458
50	2,344138	0,926447
51	2,431138	0,960822
52	2,521863	0,996667

-v ✓

53	2,616550	1,034077
54	2,715463	1,073155
55	2,818897	1,114017
56	2,927182	1,156794
57	3,040689	1,201632
58	3,159836	1,248696
59	3,285100	1,298172
60	3,417020	1,350275
61	3,556216	1,405247
62	3,703397	1,463369
63	3,859384	1,524962
64	4,025122	1,590401
65	4,201716	1,660118
66	4,390452	1,734622
67	4,592840	1,814505
68	4,810662	1,900468
69	5,046025	1,993342
70	5,301438	2,094113
71	5,579904	2,203962
72	5,885035	2,324310
73	6,221203	2,456876
74	6,593732	2,603753
75	7,009150	2,767508
76	á ekki við	2,951310
77	á ekki við	3,159103
78	á ekki við	3,395834
79	á ekki við	3,667770
80	á ekki við	3,982923

✓ ✓

Arnaldur sagði að fjöldi sjóðfélaga sem ættu réttindi og séreign í Tryggingadeildum 2 og 3 var 88 en heildarfjöldi sjóðfélaga í sjóðnum var um 50 þúsund. Breytingin yrði gerð til að fækka samtryggingarleiðum sjóðsins og þar með einfalda rekstur sjóðsins vegna þess að það væri óhagkvæmt að reka tvær samtryggingarleiðir fyrir tiltölulega fáa sjóðfélaga.

Tillögurnar voru samþykktar af öllum fundarmönnum.

#### **8.Laun stjórnarmanna**

Lagt var til að mánaðarleg stjórnarlaun hækki úr 97.500 kr. í 105.000 kr. en laun stjórnarformanns yrði tvöföld laun aðalmanna.

#### ***Stjórnarlaun varamanna***

Lagt var til að stjórnarlaun varamanna fyrir hvern setinn stjórnarfund yrði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Árslaun varamanna yrði þó að lágmarki tvöföld mánaðarlaun stjórnarmanns.

Engar móttillögur bárust og taldist tillaga stjórnar því samþykkt.

#### **9.Önnur mál**

Sjóðfélögum var boðið að tjá sig undir önnur mál

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins vær tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að hún yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins frjalsilif.is innan skamms. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Sleit að svo búnu fundi kl: 18:47



Bjarni Þór Óskarsson  
fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir  
fundarritari